

Stjórnarfundur foreldrafélagsins 4. des. 2017

Mætt:

- Sigríður Þrúður
- Sverrir
- Fjóla
- Björg, fundarritari
- Björg, skólastjóri
- Steinar (Ekkó)
- Örn fulltrúi foreldra í skólaráði

Foreldrarölt og forvarnir

Foreldraröltið farið í gang – en skjalið (google-docs) sýnir engar skráningar næstu föstudaga. Þarf að blása lífi í þetta. Hugsanlega hægt að biðja röltara að láta vita af sér, t.d. á Facebook-síðu foreldrafélagsins og segja hvernig gangan gekk (jafnvel smella einni mynd með) og hvetja þannig aðra foreldra.

Ekkó (+félagsmiðstöðvar í Kóp) rölta eftir lokun annan hvern fös. frá 22-02. Komið á sambandi milli þessa röltis og foreldra.

Tala við foreldrafélag Kópavogsskóla – um hver þeirra rölthringur er?

Ýmis vandamál:

- Krakkar virðast hópast við skóla – til að komast í wifi....
- Hlykkur á göngustígnum fyrir neðan Stelluróló – þar sem einhverjir eru að hópa sig, t.d. hefur fundist kannabislykt. Sniðugt væri að bæta þessum stíg í leið röltisins.
- Ákveðnar áhyggjur varðandi veip – og hugsanl er ýmisl annað í böndunni – sennilega höfum við sofið á verðinum.

Stjórnin forvitnaðist hjá Björgu um stefnu og áform um forvarnir. Ekkert ákveðið í þeim efnum en brýn þörf er á forvarnarstarfi, bæði fyrir foreldra og nemendur. Veip-bylgjan er sterk. Þetta þarf að fara í gang sem fyrst og nú þurfum við að taka höndum saman og finna eitthvað nothæft; foreldrafélagið, skólinn og Ekkó.

Kanna hjá Samkóp?

Ýmislegt

Frá skólastjóra: Íbúabingið var haldið á dögnum, ekki sérlega vel mætt en vinnan góð. - samantekt mun koma á heimasíðuna.

Einnig lýsir ánægju sinni með foreldraröltið sem og að jólaföndrið skuli hafa verið haldið.

Fleira var ekki á dagskrá.
Fundi slitið.